

Ed.

31. Frumvarp

til laga um það leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lög-sagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar.

Flutningsm.: Einar Árnason.

1. gr.

Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu lagðar undir lög-sagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrar frá 6. júní 1920.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer framfærslu allra þeirra þurfa-linga, er hjálparþurfa kunna að verða og eru nú sveitlægir í Hrafnagilshreppi, vegna fæðingar á Kjarna eða Hömrum.

3. gr.

Að öðru leyti er Akureyrarbær laus við framfærslu þeirra, er hingað til kunna að hafa unnið sjer sveit í Hrafnagilshreppi, þótt sveitfesti hafi unnist vegna dvalar á Kjarna eða Hömrum.

4. gr.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyr en sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir samþykkt að breyting þessi komist á,

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir eindregnum tilmælum hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi, og þar sem bæjarstjórn Akureyrar og hlutaðeigandi hreppsnefnd hafa með samningi orðið ásáttar um málið, virðist sjálfsagt að lög verði sett hér um.